

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna, nr. 114 20. september 1948.

1. gr.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir að skoða og stimpla hvern skrokk:

Sauðfé, geitfé kr. 0.95.

Þegar slátrað er yfir 300 kindum á dag í sláturhúsi er skoðunargjaldið kr. 0.65 fyrir hvern skrokk.

Naut, hross, svín kr. 15.00.

Kálfar, grísir kr. 7.50.

Verðlagsvísitöluuppbót fyrri ára greiðist ekki á skoðunargjald samkvæmt 1. málsgrein.

Þurfi dýralæknir að annast kjötskoðun fjarri heimili sínu, ber sláturhúsi því, er hann skoðar kjötið fyrir, að sjá honum fyrir greiðum farkosti eða greiða honum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur.

2. gr.

Gjöld samkvæmt öðrum greinum gjaldskrárinnar en 8. gr., skulu innheimt með 30% álagi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 189 12. nóvember 1962.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. september 1964.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

22. október.

Nr. 276.

AUGLÝSING

varðandi umsóknir um leyfi til að kalla sig lyfjafræðing
og starfa sem slíkur hér á landi.

Samkvæmt 14. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 ber þeim, sem öðlast vilja rétt til að kalla sig lyfjafræðing (pharmaceut) og starfa sem slíkur hér á landi, að fá til þess leyfi ráðherra.

Þeir, sem lokið hafa lyfjafræðiprófi eftir gildistöku lyfsölulaga, 1. júlí 1963, og óska eftir að öðlast framangreindan rétt, skulu senda um það umsókn til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, er fylgi afrit af prófskírteini og auk þess vottorð um, að umsækjandi fullnægi skilyrðum 2. og 3. töluliðs 1. mgr. 9. gr. lyfsölulaga og að ákvæði 6. töluliðs sömu málsgreinar eigi ekki við um hagi hans.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. október 1964.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.